

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/1586*  
*komudagur 17.4.2000*

17. apríl 2000

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um hópuppsagnir, 469. mál.**

BSRB hefur borist til umsagnar framangreint frumvarp. Á vettvangi Samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins vegna EES-samningsins hefur BSRB haft tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum að á meðan frumvarpið var í vinnslu. Þeim athugasemdum var komið inn í frumvarpið og hefur BSRB engu við að bæta á þessu stigi máls.

F.h. BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir', is written over the typed name.

Svanhildur Halldórsdóttir.

Hjálagt:

Athugasemdir BSRB við drög 12.11.99 að frumvarpi til laga um hópuppsagnir, dags. 8. desember 1999.

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



Félagsmálaráðuneytið  
b.t. Elfnar Blöndal  
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu  
150 Reykjavík

8. desember 1999

## **Efni: Athugasemdir BSRB við drög 12.11.99 að frumvarpi til laga um hópuppsagnir.**

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um upplýsingar og samráð atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum og fulltrúum þeirra. Í tilskipun 92/56/EEC kemur fram að aðildarríkjum sé heimilt að kveða á um rétt fulltrúa starfsmanna til að kalla til sérfræðinga samkvæmt ákvæðum landslaga eða réttarvenju. Er þetta ítrekað í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 98/59/EC. Lagt er til að í II. kafla frumvarps til laga um hópuppsagnir verði tekið upp ákvæði sem heimili trúnaðarmönnum starfsmanna eða öðrum fulltrúum þeirra að kalla til sérfræðinga þegar ljóst er að atvinnurekandi áformi hópuppsagnir skv. 1. gr. frumvarpsins.

Í lögum um hópuppsagnir nr. 95/1992 er ekki skilgreint hvað átt er við með hugtakinu samráð. Eins og kemur fram í greinargerð með II. kafla í drögunum er ljóst að ekki er ætlunin að leggja til breytingu í því efni en hins vegar er skorað á aðila vinnumarkaðarins að koma með tillögur að orðalagi. Í dómi Félagsdóms 3. febrúar 1992, í málinu 7/1991, var fjallað um það hvað fælist í samráði og sagði dómurinn að samráð fæli í sér þá skyldu að ræða og kynna aðila áformin, rökstyðja þau og gefa mótaðila kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun er tekin af hálfu aðila. Í samráði fælist ekki áskilnaður um samþykki mótaðila. BSRB leggur til að framangreint orðalag verði notað í almennri skilgreiningu á hugtakinu samráð í lögnum.

Að lokum leggur BSRB til að viðurlög verði sett við brotum á réttindum samkvæmt tilskipuninni.

f.h. BSRB

Erna Guðmundsdóttir, lögfr.